

1998 nr. 66 15. júní**Lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr**

Tóku gildi 1. janúar 1999. *Breytt með* l. 72/2003 (tóku gildi 10. apríl 2003), l. 49/2004 (tóku gildi 14. júní 2004), l. 76/2005 (tóku gildi 1. jan. 2006), l. 167/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), l. 173/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 20. gr.), l. 143/2009 (tóku gildi 1. mars 2010 nema II.–IV. kafli sem tóku gildi 1. nóv. 2011 (utan 43. gr. í IV. kafla sem tók gildi 1. mars 2010) og 54. og 55. gr. og 9. efnismgr. 63. gr. sem tóku gildi 1. mars 2011; *EES-samningurinn*: I. og II. viðauki reglugerð 178/2002), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011) og l. 55/2013 (tóku gildi 1. jan. 2014).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** [Lög þessi taka til hvers þess dýralæknis sem er skipaður, settur eða ráðinn til starfa í þágu ríkisins og þeirra dýralækna og heilbrigðisstarfsmanna dýra sem starfa samkvæmt leyfi þar að lútandi sem veitt er eftir lögum þessum.]¹⁾

¹⁾ L. 55/2013, 49. gr.

■ **2. gr.** [Dýralæknar og heilbrigðisstarfsmenn dýra skulu standa vörð um heilsu dýra í landinu, stuðla að bættu heilsufari og velferð þeirra, aukinni arðsemi búfjár og góðum aðbúnaði og meðferð dýra. Dýralæknar skulu vera á verði gagnvart því að einstaklingar eða samfélagið í heild bíði tjón af völdum dýrasjúkdóma. Með starfi sínu skulu þeir leitast við að girða fyrir hættur sem stafað geta af sjúkum dýrum og neyslu spilltra búfjárafurða, af innflutningi lifandi dýra og búfjárafurða, efna, áhalda eða hluta sem borið geta með sér smitefni.]¹⁾

¹⁾ L. 55/2013, 49. gr.

II. kafli. Yfirstjórn.

■ **3. gr.** [Ráðherra]¹⁾ fer með mál sem þessi lög varða.

¹⁾ L. 126/2011, 272. gr.

■ **4. gr.** [Ráðherra]¹⁾ skipar dýralæknaráð sem skipað er fjórum dýralæknum til fimm ára í senn og er [Matvælastofnun]²⁾ til ráðuneytis. Skal einn tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, annar af stjórn Dýralæknafélags Íslands, þriðji af stjórn Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og fjórði án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður ráðsins. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

□ Ráðið skal ávallt fjalla um innflutning búfjár og erfðaefnis þess sé hans óskað. Einnig skal ráðið fjalla um innflutning annarra dýra, búfjárafurða og aðra þætti er snerta heilbrigðismál dýra og dýraafurða þegar þess er óskað af ráðherra eða [Matvælastofnun].²⁾ Ráðinu er heimilt, ef aðstæður krefja, að kalla sérfræðinga til ráðuneytis.

□ Sömu aðilar og taldir eru í 2. mgr. geta vísað ágreiningsmálum varðandi dýralæknisþjónustu til ráðsins. Við úrlausn þeirra ágreiningsmála skal ráðherra kalla til starfa með ráðinu lögfræðing sem fullnægir skilyrðum um skipan til starfa héraðsdómara.

□ Ráðið skal halda gerðabók um störf sín.

¹⁾ L. 126/2011, 272. gr. ²⁾ L. 167/2007, 63. gr.

■ **5. gr.** [[Matvælastofnun]¹⁾ er ráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um allt er varðar heilbrigðismál dýra og hollustu-hætti við framleiðslu og meðferð búfjárafurða.

□ [Matvælastofnun]¹⁾ skal m.a. annast:

a. [yfirstjórn og eftirlit með störfum héraðsdýralækna, sérgreinadýralækna, dýralækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna dýra sem leyfi hafa samkvæmt lögum þessum].²⁾

b. yfirumsjón með öllu er varðar heilbrigðismál dýra, hollustu dýrafóðurs og eftirlit þar að lútandi,

c. yfirumsjón með heilbrigði sláturdýra, heilbrigðiseftirliti í sláturhúsum og framleiðslu mjólkur auk yfirumsjónar með heilbrigði búfjár og afurða þess,

d. yfirumsjón með sjúkdómavörnum dýra, forvörnum, fræðslustarfi varðandi búfjársjúkdóma, innflutningi og útflutningi lifandi dýra, erfðaefnis og búfjárafurða og útgáfu opinberra heilbrigðisvottorða þar að lútandi,

e. skipulagningu, gagnaöflun og skýrslugerð varðandi dýrasjúkdóma, heilbrigðissskoðun sláturafurða og heilbrigðiseftirlit með framleiðslu mjólkur. Stofnunin skal einnig afla upplýsinga um heilbrigðisástand dýra og hollustu dýraafurða í öðrum löndum eftir því sem nauðsyn krefur og sjá um árlega útgáfu heilbrigðisskýrslna.]³⁾

¹⁾ L. 167/2007, 63. gr. ²⁾ L. 55/2013, 49. gr. ³⁾ L. 76/2005, 2. gr.

III. kafli. Réttindi og skyldur.

■ **6. gr.** [Dýralæknar samkvæmt lögum þessum eru þeir dýralæknar er lokið hafa prófi frá dýralæknaháskóla sem er viðurkenndur af íslenskum stjórnvöldum. Jafnframt teljast þeir dýralæknar sem heimild hafa til að starfa hér á landi undir starfsheiti heimalands síns í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins eða stofnsamning Fríværslunarsamtaka Evrópu. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um leyfisveitingu, menntunarkröfur og viðurkenndar menntastofnanir. Ef um er að ræða próf frá dýralæknaháskóla sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins og Sviss skal leita umsagnar dýralæknaráðs áður en leyfi er veitt samkvæmt lögunum.]¹⁾

□ Þeir einir mega stunda dýralækningar hér á landi sem hlotið hafa leyfi [ráðherra]²⁾ samkvæmt ákvæðum sem ráðherra setur í reglugerð að fenginni umsögn [Matvælastofnunar].³⁾

□ [Ráðherra]²⁾ gefur út leyfisbréf handa dýralækni til að stunda dýralækningar og dýralæknir undirritar eiðstaf þar að lútandi. [Matvælastofnun]³⁾ heldur skrá yfir dýralækna sem hafa leyfi til að stunda dýralækningar.

□ Dýralækni er skylt að tilkynna [Matvælastofnun].³⁾

1. þegar hann hyggst hefja dýralæknisstörf og aðsetur starfsemi sinnar,

2. flutning aðseturs,

3. starfslok sem dýralæknir.

□ Dýralæknum, sem hefja störf á Íslandi, ber að kynna sér íslensk lög og reglur um dýralækningar og þeir sem starfa í opinberri þjónustu skulu hafa vald á íslenskri tungu.

□ Heimilt er að fela dýralæknanemum á síðari hluta námsferils að gegna tímabundið ákveðnum dýralæknisstörfum undir stjórn dýralæknis ef [Matvælastofnun]³⁾ mælir með því.

¹⁾ L. 143/2009, 36. gr. ²⁾ L. 126/2011, 272. gr. ³⁾ L. 167/2007, 63. gr.

■ **[6. gr. a. Rétt til þess að starfa hér á landi sem heilbrigðisstarfsmaður dýra hefur sá einn sem lokið hefur prófi í einhverri grein heilbrigðisfræði dýra eða lokið námskeiði á viðkomandi sviði viðurkenndu af Matvælastofnun og fengið leyfi stofnunarinnar.**

□ Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um nám og menntunarskilyrði fyrir hverja starfsgrein sem hann ákveður að fella undir lög þessi. Í reglugerð þessari skal m.a. kveðið á um að dýrahjúkrunarfræðingar teljist þeir vera sem hafa lokið prófi í dýrahjúkrun frá skóla sem er viðurkenndur af íslenskum stjórnvöldum. Jafnframt teljast þeir dýrahjúkrunarfræðingar sem heimild hafa til að starfa hér á landi undir starfsheiti heimalands síns í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins eða stofnsamning Fríværslunarsamtaka Evr-

öpu. Ráðherra setur nánari reglur um leyfisveitingu, menntunarkröfur og viðurkenndar menntastofnanir. Ef um er að ræða próf frá skóla sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins og Sviss skal leita umsagnar dýralæknaráðs áður en leyfi er veitt samkvæmt lögnum.

□ Ráðherra setur jafnframt í reglugerð ákvæði um réttindi og skyldur hverrar starfsgreinar.

□ Matvælastofnun heldur skrá yfir heilbrigðisstarfsmenn dýra sem hafa leyfi samkvæmt þessari grein.¹⁾

¹⁾ L. 55/2013, 49. gr.

■ **7. gr.** [Eingöngu þeir dýralæknar sem hafa leyfi skv. 2. mgr. 6. gr. mega sjúkdómsgreina dýr, ávísa lyfjum, meðhöndla og framkvæma skurð- og lækniáðgerðir á dýrum.

□ Eingöngu þeir heilbrigðisstarfsmenn dýra sem hafa leyfi skv. 6. gr. a mega meðhöndla og framkvæma aðgerðir á dýrum sem tilgreindar eru í reglugerð samkvæmt sömu grein.¹⁾

¹⁾ L. 55/2013, 49. gr.

■ **8. gr.** Dýralækni er einungis heimilt að afhenda eða ávísa lyfseðilsskyldum lyfjum handa dýri þegar hann hefur greint sjúkdóminn.

■ **9. gr.** [Dýralækni og heilbrigðisstarfsmanni dýra ber að sinna störfum sínum af árvekni og trúmennsku og halda við þekkingu sinni. Dýralæknir ber ábyrgð á greiningu sjúkdóms og meðferð sjúklunga sinna. Heilbrigðisstarfsmaður dýra ber ábyrgð á þeirri meðhöndlun sem hann framkvæmir.]¹⁾

□ Dýralækni ber sem kostur er að upplýsa eiganda eða umráðamann dýrs sem hann fær til meðferðar um ástand, meðferð, horfur og væntanlegan kostnað af meðhöndlun og lyfjameðferð sé þess óskað. Einnig skal hann upplýsa eiganda eða umráðamann um þær hættur sem geta fylgt viðkomandi aðgerð, algengar aukaverkanir lyfja sem notuð eru og lyfjamengun afurða.

□ Dýralækni ber, sé til hans leitað eða hann nærstaddur og náist ekki í vakthafandi dýralækni, að veita fyrstu nauðsynlega læknishjálpi í skyndilegum sjúkdóms- eða slysatilfellum, nema þeim mun alvarlegri forföll hamli.

□ Dýralæknar, sem stunda almennar dýralækningar, eiga rétt á og þeim ber skylda til að taka þátt í vaktafyrirkomulagi sem skipulagt er á viðkomandi vaktsvæði, sbr. 12. gr., nema þeir séu sjálfir sjúkir eða hindraðir af öðrum meira aðkallandi heimbættisstörfum. Dýralækni er heimilt að semja við annan dýralækni um að taka við vaktskyldunni.

□ Verði dýralæknir var við eða hafi hann grun um að upp sé kominn alvarlegur smitsjúkdómur í dýrum á starfssvæði hans skal hann gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til að staðfesta gruninn, hefta útbreiðslu sjúkdómsins og koma í veg fyrir tjón sem af honum getur leitt. [Hann skal tafarlaust tilkynna [Matvælastofnun]²⁾ um sjúkdóminn og gera í samráði við stofnunina ráðstafanir sem þurfa þykir.]³⁾

□ Dýralækni ber að gera árlega skýrslu um læknisstörf sín og senda [Matvælastofnun].²⁾ [Matvælastofnun]²⁾ setur reglur um hvaða upplýsingar skýrslurnar skuli geyma.

□ [Dýralækni ber að sýna nákvæmni í útgáfu vottorða og lækniyfirlýsinga. Dýralæknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn dýra eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju sem þeir öðlast í starfi sínu og þeim er trúnað fyrir og varðar ekki almannaheill.

□ Dýralækni og öðru heilbrigðisstarfsfólki dýra er einungis heimilt að auglýsa leyfisskylda starfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum.¹⁾

¹⁾ L. 55/2013, 49. gr. ²⁾ L. 167/2007, 63. gr. ³⁾ L. 76/2005, 3. gr.

■ **10. gr.** [Dýralæknir hefur leyfi til að kalla sig sérfræðing og starfa sem slíkur hér á landi hafi hann fengið til þess leyfi [ráðherra],¹⁾ fengið viðurkenningu til að starfa sem sérfræðingur í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

□ Umsóknir um sérfræðingsleyfi skulu lagðar fyrir dýralæknaráð til umsagnar þegar menntunar er aflað utan Evrópska efnahagssvæðisins eða utan aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Við afgreiðslu einstakra umsókna er heimilt að kveðja til sérfróðan dýralækni úr þeirri sérgrein sem sótt er um viðurkenningu á.²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 272. gr. ²⁾ L. 72/2003, 33. gr.

IV. kafli. [Umdæmi héraðsdýralækna.]¹⁾

¹⁾ L. 76/2005, 5. gr.

■ **11. gr.** [Matvælastofnun skal hafa sex umdæmisskrifstofur og við hverja þeirra skal héraðsdýralæknir ráðinn til starfa, en einnig er heimilt að ráða dýralækna og aðra eftirlitsmenn til aðstoðar ef þess er þörf vegna eftirlits og sjúkdómavarna. Skrifstofur Matvælastofnunar skulu vera í eftirfarandi umdæmum:

1. *Suðvesturumdæmi:* Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Sveitarfélagið Álftanes, Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar.

2. *Vesturumdæmi:* Akraneskaupstaður, Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Kaldrananeshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Hvalfjarðarsveit, Ísafjarðarbær, Reykhólahreppur, Skorradalshreppur, Snæfellsbær, Stykkishólmsbær, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð.

3. *Norðvesturumdæmi:* Akrahreppur, Blönduósbær, Bæjarhreppur, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Sveitarfélagið Skagaströnd.

4. *Norðausturumdæmi:* Akureyrarkaupstaður, Arnarneshreppur, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grímseyjarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð, Langanesbyggð, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit.

5. *Austurumdæmi:* Borgarfjarðarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Sveitarfélagið Hornafjörður og Vopnafjarðarhreppur.

6. *Suðurumdæmi:* Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skaftárhreppur, Skeiða- og Gnúpsverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Vestmannaeyjabær.

□ Héraðsdýralæknar skulu eingöngu sinna opinberum eftirlitsstörfum og hafa m.a. eftirlit með sláturdýrum, sláturafurðum og afurðastöðvum, eftirlit með heilbrigði, hirðingu, aðbúnaði og aðstöðu nautgripa á búum þar sem framleidd er mjólk til sölu og lyfjanotkun vegna búfjár, sbr. ákvæði 4. mgr. 11. gr. lyfjalaga. Einnig ber þeim að hafa með höndum framkvæmd sóttvarnaaðgerða í sínum umdæmum. Þeir skulu annast eftirlit með velferð búfjár í samræmi við lög um búfjárhald. Þá ber þeim að hafa eftirlit með búfé og öðrum dýrum eftir því sem lög ákveða. Matvælastofnun get-

ur falið héraðsdýralækni og öðrum starfsmönnum umdæmisskrifstofu stofnunarinnar að annast verkefni í öðrum umdæmum þegar þörf er á og einnig önnur eftirlitsverkefni sem stofnuninni eru falin.

□ Að fengnum tillögum Matvælastofnunar setur ráðherra reglur¹⁾ um gjald sem skal innheimt fyrir eftirlit og skoðanir héraðsdýralækna og annarra dýralækna og eftirlitsmanna sem starfa við umdæmisskrifstofur stofnunarinnar.²⁾

¹⁾ Rg. 567/2012, sbr. 59/2013 og 842/2015. ²⁾ L. 143/2009, 37. gr.

■ **12. gr.** [Til að tryggja velferð dýra og almenna þjónustu við dýraeigendur skal dýralæknir jafnan vera á bakvakt utan venjulegs dagvinnutíma á hverju vaktsvæði, sbr. 3. mgr. Héraðsdýralæknar, hver í sínu umdæmi, skipuleggja bakvaktir í samráði við sjálfstætt starfandi dýralækna sem þar starfa og er heimilt að skipta bakvakt innan sama vaktsvæðis milli fleiri dýralækna samtímis. Við skipulagningu bakvakta er ætlast til að tekið sé mið af vegalengdum og umfangi þjónustu innan viðkomandi vaktsvæða. Komi upp ágreiningur um skiptingu bakvakta innan vaktsvæða skal leita úrskurðar Matvælastofnunar.

□ Fyrir bakvaktþjónustu greiðist samkvæmt samningi Dýralæknafélags Íslands við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og fjármálaráðuneyti.

□ Vaktsvæði dýralækna eru sem hér greinir:

1. Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Sveitarfélagið Álftanes, Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar.

2. Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit og Skorradalshreppur.

3. Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær.

4. Dalabyggð og Reykhólshreppur.

5. Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð, Súðavíkurbreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð.

6. Akrahreppur, Blönduósibær, Bæjarhreppur, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Sveitarfélagið Skagaströnd.

7. Akureyrarkaupstaður, Arnarneshreppur, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grímseyjarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð og Svalbarðsstrandarhreppur.

8. Langanesbyggð, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit.

9. Borgarfjarðarhreppur, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður og Vopnafjarðarhreppur.

10. Breiðdalshreppur og Djúpvogshreppur.

11. Sveitarfélagið Hornafjörður.

12. Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur.

13. Áshreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Vestmannaeyjabær.]¹⁾

¹⁾ L. 143/2009, 38. gr.

■ **13. gr.** [Í því skyni að tryggja velferð dýra og dreifðum byggðum reglubundna dýralæknaþjónustu svo og bráðaþjónustu skal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setja reglugerð¹⁾ um hvernig tryggja skal starfsaðstöðu og greiðslu stað-

aruppbótar og/eða ferðakostnaðar dýralæknis sem tekur að sér að veita slíka þjónustu. Við ákvörðun um hvar þörf er á opinberum greiðslum fyrir dýralæknaþjónustu skal ráðherra hafa samráð við Dýralæknafélag Íslands, Bændasamtök Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og Matvælastofnun.]²⁾

¹⁾ Rg. 846/2011, sbr. 1032/2011 og 31/2016, ²⁾ L. 143/2009, 39. gr.

V. kaffi. Sérgræinadýralæknar.

■ **14. gr.** [Matvælastofnun skal eftir þörfum ráða sérgræinadýralækna til að sinna verkefnum m.a. á sviði sóttvarna, dýravelferðar, dýralyfja, dýraheilbrigðis og heilbrigðis dýraafurða.

□ Sérgræinadýralæknar skulu vinna að bættu heilbrigði búfjár og sjúkdómavörnum með sértækum aðgerðum, almennri fræðslu, forvarnastarfi og eftirliti með framkvæmd sóttvarnaaðgerða. Sérgræinadýralæknar skulu hafa frumkvæði að sýnatökum, rannsóknum og öðrum aðgerðum til að stuðla að heilbrigði og velferð dýra og öryggi búfjárafurða.

□ Ráðherra er heimilt að setja reglugerð þar sem nánar er kveðið á um störf sérgræinadýralækna.]¹⁾

¹⁾ L. 143/2009, 40. gr.

■ **15. gr.** [Matvælastofnun]¹⁾ skal hafa aðgang að viðunandi aðstöðu, búnaði og sérþekkingu til greiningar dýrasjúkdóma vegna sjúkdómsvarna og forvarnastarfa.

¹⁾ L. 167/2007, 63. gr.

■ **16. gr.** . . .¹⁾ Sérgræinadýralæknar skulu ráðnir samkvæmt ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

¹⁾ L. 76/2005, 6. gr.

VI. kaffi. Viðurlög, gildistaka o.fl.

■ **17. gr.** [Ráðherra]¹⁾ setur með reglugerð²⁾ nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

¹⁾ L. 126/2011, 272. gr. ²⁾ Augl. 10/1964 (notkun matarleifa til skepnufóðurs). Rg. 290/1980 (um varnir gegn hundaeði). Rg. 21/1983 (um veitingu leyfis til dýralækninga). Rg. 403/1986, sbr. 597/1989 og 148/1992 (um varnir gegn fisksjúkdómum o.fl.). Rg. 156/1987 (sæðingar loðdýra). Rg. 557/1998 (kanínurækt). Rg. 60/2000 (um eftirlit með aðbúnaði og heilbrigði sauðfjár og geitfjár o.fl.). Rg. 651/2001 (um úrýmingu á riðuveiki o.fl.), sbr. 726/2004, 807/2006 og 938/2014. Rg. 279/2002 (um dýratilraunir). Rg. 438/2002 (um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur o.fl.). Rg. 859/2002 (um innflutning loðdýra). Rg. 432/2003 (um einangrunarstöðvar og sóttkvíar fyrir gæludýr). Rg. 935/2004 (um innflutning gæludýra og hundasæðis), sbr. 817/2005. Rg. 160/2006 (um aðbúnað, umhirðu og heilbrigðis-eftirlit hrossa). Rg. 773/2006 (um leyfi til að stunda dýralækningar á Íslandi fyrir dýralækna sem hlotið hafa menntun í ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins). Rg. 550/2008 (um flutning líflamba milli landsvæða). Rg. 353/2011 (um aðbúnað og heilbrigði svína), sbr. 518/2012. Rg. 303/2012 (um rafræna skráningu dýralækna á dýrasjúkdómum og lyfjameðhöndlun). Rg. 448/2012 (um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins). Rg. 916/2012 (um merkingar búfjár), sbr. 748/2016. Rg. 136/2015. Rg. 167/2015 (um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgræði leifa í matvælu úr dýrarkínu), sbr. 354/2015, 421/2015, 956/2015, 12/2016, 412/2016 og 480/2016. Rg. 170/2015 (um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælu úr dýrarkínu). Rg. 540/2016 (um búfjáræðingar og flutning fósturvíska).

■ **18. gr.** [Verði Matvælastofnun þess vör að dýralæknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður dýra sem hefur leyfi samkvæmt lögum þessum vanræki skyldur sínar og störf, fari út fyrir verksvið sitt eða brjóti alvarlega í bága við fyrirmæli sem honum er skylt að starfa eftir ber Matvælastofnun að áminna hann um að bæta ráð sitt.

□ Nú kemur ítrekuð áminning ekki að haldi eða sé um óhæfu í leyfissskyldum störfum að ræða og ber þá Matvælastofnun að afturkalla leyfi sem stofnunin hefur veitt eða að kæra málið til ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað að viðkomandi skuli sviptur leyfi að fullu eða um tiltekinn tíma.

□ Uppfylli leyfissskyldur aðili samkvæmt lögum þessum ekki lengur þær kröfur sem gerðar voru þegar leyfi var veitt,

svo sem vegna bilunar á andlegri eða líkamlegri heilsu eða misnotkunar vímuefna, ber Matvælastofnun að greina ráðherra frá málavöxtum.

□ Ráðherra skal leita álitis dýralæknaráðs um mál skv. 2. og 3. mgr. ákvæðis þessa. Svipta má viðkomandi dýralækni eða dýrahjúkrunarfræðing leyfi ef dýralæknaráð leggur það til.¹⁾

¹⁾ L. 55/2013, 49. gr.

■ **19. gr.** Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og fyrir-mælum gefnum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi ef sakir eru miklar. . . .¹⁾

¹⁾ L. 88/2008, 233. gr.

■ **20. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. . . .¹⁾

¹⁾ Sbr. þó ákvæði l. 158/1998, 2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Meðan ekki hafa tekist samningar milli Dýralækna-félags Íslands og [þess ráðuneytis er fer með málefni starfsmanna ríkisins]¹⁾ um endurmenntun gildir eftirfarandi ákvæði: Fyrir hver tíu ár, sem héraðsdýralæknir hefur gegnt þjónustu, á hann rétt á að hljóta sex mánaða frí frá störfum með fullum launum til framhaldsnáms í samráði við [Matvælastofnun].²⁾ Greiðir ríkissjóður fargjaldskostnað til þess

lands þar sem hann hyggst dveljast og heim til Íslands að dvöl lokinni.

¹⁾ L. 126/2011, 272. gr. ²⁾ L. 167/2007, 63. gr.

■ **II.** Sé starf lagt niður á dýralæknir sem skipaður hefur verið eða ráðinn í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laga þessara rétt til biðlauna í samræmi við ákvæði í 34. gr. laga nr. 70/1996.

■ **III.** Störf héraðsdýralækna hjá Matvælastofnun eru lögð niður við gildistöku þessara laga. Viðkomandi starfsmönnum skulu boðin störf hjá Matvælastofnun. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gildir ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

□ Ráðherra er heimilt að fela héraðsdýralækni að sinna tímabundið almennri þjónustu við dýraeigendur á tilteknu svæði ef heilbrigði eða velferð dýra er stefnt í hættu enda fáist ekki dýralæknar til að sinna slíkri þjónustu við dýraeigendur á umræddu svæði. Heimild ráðherra samkvæmt þessari málsgrein fellur úr gildi 1. janúar 2015.

□ Ráðherra skal setja reglugerð skv. 13. gr. eigi síðar en 1. júlí 2010.¹⁾

¹⁾ L. 143/2009, 41. gr.